

Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
310 BORGARNES

Garðabær, 6. júlí 2023  
Málsnúmer: 202306-0029  
SS

**Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu í Borgarbyggð.**

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 22. júní 2023, þar sem skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á afmörkuðu svæði í landi Signýjarstaða úr frístundabyggð í verslun og þjónustu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og gerir ekki athugasemdir við áformaða aðalskipulagsbreytingu. Um er að ræða lítið landsvæði með lágt verndargildi og væntanlegt rask vegna uppbyggingar mannvirkja tengt verslun og þjónustu því ólíklegt til að hafa mikil umhverfisáhrif. Einna helst þarf að huga að hæfilegri fjarlægð frá Hvítá og mögulegum áhrifum aukinnar bílaumferðar um svæðið á nágrenni árinna. Á þessu stigi liggur ekki fyrir umfang áformaðrar uppbyggingar innan skipulagsreitsins og áskilur Náttúrufræðistofnun því sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

